

Æskulýðsstarf hestamannafélagsins Neista

Starfsskýrsla 2010-2011



Knapamerki

Snemma hausti 2010 var haldinn fundur í æskulýðsnefnd og ákveðið var að halda öll bóklegu námskeiðin í knapamerkjunum fyrir áramót þar sem erfitt var að koma öllum þeim tímum fyrir eftir áramót, þar sem bæði kennarar og nemendur eru þéttsetnir í verklegum tímum. Því byrjaði bóklegi þáttur knapamerkjanna 9. nóvember 2010 og lauk með prófum nokkrum vikum síðar. Verklegi hlutinn byrjaði strax eftir áramót en í knapamerki 3 voru 6 nemendur, helmingur þeirra byrjuðu veturinn 2010, þar sem þá var ákveðið að taka knapamerki 3 á tveimur vetrum. Það er mikið nám og æskulýðsnefnd taldi að það væri erfitt að koma því við að kenna alla þessa tíma á einum vetri og svo er margt annað sem krakkarnir eru að gera, mót, sýningar og fleira. Það voru því 3 nemendur sem luku knapamerki 3 sl. vor og 3 sem tóku helming námsins.

Í knapamerki 2 voru 2 nemendur en í knapamerki 1 voru 9 nemendur. Kennarar voru, Petronella Hannula í knapamerki 1, Barbara Dittmar í 1 og 2 og Sigurbjörg Sigurbjörnsdóttir og Hafdís Arnardóttir í knapamerki 3. Verklegr próf voru í apríl og byrjun maí og tóku allir krakkarnir próf og stóðu sig með glæsibrag.



Önnur námskeið

Í lok janúar byrjuðu námskeið fyrir krakka sem ekki komust eða vildu ekki vera í knapamerkjunum. Þeim var skipt í 3 hópa þar sem þau yngstu, 3 prinsessur 4 og 5 ára, mættu í ýmsar jafnvægisæfingar hjá Petronellu Hannula sem kenndi þeim og lét mömmurnar/pabbana að sjálfsögðu hlaupa marga hringi í reiðhöllinni. Það var svo ofsalega gaman að fara „hratt“.



Petronella leiðbeindi líka öðrum hóp sem í voru aðeins eldri krakkar, búin að vera á reiðnámskeiði 1-3 vetur. Þau gerðu ýmsar þrautir, æfður var mjúkur leiðandi taumur, að stoppa, fara yfir smá hindrun og ýmislegt í þá veru.




Elsti hópurinn var hjá Sigurbjörgu Sigurbjörnsdóttur og þau æfðu mikið hindrunarstökk og ýmsar jafnvægisþrautir, bæði fyrir mann og hest. Margir í þessum hóp hafa verið á námskeiðum frá því námskeið hófust eða í allt að 4-6 vetur. Þau eru því orðin fær í ýmsar skemmtilegar þrautir.



Grunnskólamótin

Grunnskólamót eru skemmtileg mót fyrir krakka úr grunnskólum Skagafjarðar, Austur-Húnavatnssýslu og Húnaþingi vestra, en allir grunnskólanemar á þessu svæði eiga þátttökurétt. Mótið er hugsað til að efla áhuga á hestaíþróttinni og gefa sem flestum kost á því að taka þátt.

Mótin eru 3 og haldin í reiðhöllinni Sauðárkróki, Blönduósi og Hvammstanga, ein grein er á hverjum stað en að auki er boðið upp á skeiðkeppni á öllum mótunum fyrir 8. – 10. bekkina. 20. febrúar var 1. mót vetrarins á Blönduósi og þá var keppt í smala og þrautabraut fyrir 1.-3. bekk, en þar var dæmt fyrir ásetu og stjórnun en engin tímataka. Í 4.-7. og 8.-10. bekk var keppt í tíma og var 4 sek. bætt við ef keila var felld eða sleppt.



2. mótið var á Sauðárkók 20. mars og þar var keppt í fegurðarreid, þrígangi, fjórgangi og skeiði. 3. og síðasta mótið var á Hvammstanga þann 3. apríl en þar var keppt í fegurðarreid, tölti og skeiði. Frábær þátttaka var á öllum þessum mótum og bæði börn og fullorðnir ánægð með að taka þátt í þessu. Það er alveg klárt að þessi mót eru komin til að vera. Á þessum mótum kynnast bæði foreldrar og börn úr þessum sýslum og eiga frábæra stund saman. Á síðasta mótinu kemur í ljós hvaða skóli er hlutskarpastur í stigakeppninni og fór Varmahlíðarskóli með sigur að hólmi að þessu sinni með 98 stig en okkar krakkar úr Húnavallaskóla urðu rétt á eftir með 89 stig. Blönduskóli varð í 5. sæti með 48 stig. Frábært hjá krökkunum og virkilega gaman að fylgjast með þeim.

Hákon Ari, Húnavallaskóla vann töltið á Hvammstanga

Önnur mót

Æskulýðsnefndin hélt Gaman-saman töltmót í reiðhöllinni 13. febrúar en þar voru allir aldurshópar að taka þátt og fengu öll verðlaun fyrir þátttökuna.

Hér eru þau sem tóku þátt í pollaflokknum en þau fengu öll að sjálfsögðu verðlaun fyrir hvað þau voru dugleg.



Hlíðar, Einar, Ásdís, Sunna Margrét, Bjartmar og Inga Rós með aðstoðarmönnum sínum.

Það var líka gaman hjá þeim sem tóku þátt í barnaflokknum og stóðu þau sig öll mjög vel.



Ásdís, Lilja, Sigurður, Sólrún, Sigríður og Lara

Í unglingaflokki gekk allt glimrandi vel líka enda nokkuð vanir unglingar þar á ferð.



Sigurgeir, Haukur, Hanna, Stefán, Hákon og Friðrún

Eftir keppnina bauð æskulýðsnefndin uppá kökur og kaffi og það var mjög gott að setjast niður með kaffibolla og djús og eiga góða stund saman.

Krakkarnir tóku líka þátt á ístölmóti á Hnjúkatjörn 27. febrúar. Nauðsynlegt að taka þátt og æfa sig í að keppa. Það er heldur fátt skemmtilegra en að ríða út á ís þegar veðrið er gott.



Félagsmót Neista var haldið á Blönduósvelli 13. júní og þar mættu krakkarnir auðvitað og tóku þátt og stóðu sig frábærlega. Mótið var skemmtilegt og veðrið sem var búið að vera leiðinlegt var "ótrúlega" gott, ekki rok, svolítið svalt en þurrt að mestu.



Tvö efstu í öllum flokkum fóru á Landsmót fyrir hönd Neista og stóðu sig með sóma. Þau fóru í „æfingabúðir“ til Ólafs Magnússonar þar sem hann fór með þau norður á Vindheimamela og æfði þau þar sem og á Blönduósvelli fyrir mótið.



Svo var auðvitað mikið gaman hjá þessum krökkum að taka þátt á Landsmóti og megum við vera afar stolt af okkar upprennandi knöpum.

Sýningar

Það voru ekki bara knapamerki og mót á döfinni hjá æskulýðnum því í byrjun maí var Æskan og hesturinn, en sú sýning er haldin ýmist á Akureyri eða Sauðárkróki. Í vor var hún haldin á Sauðárkróki. Í miðjum verklegum knapamerkjaprófum var farið í að æfa og búa til atriði fyrir sýninguna en þau atriði sem farið var með voru fyrst sýnd í reiðhöllinni á Blönduósi, Æskulýðssýning Neista, en sú sýning var þann 30. apríl og tóku um 30 börn á öllum aldri þátt í henni.

Á sýningunni á Blönduósi var fyrst öðruvísi þrautabraut þar sem "mið"krakkarnir gerðu ýmsar þrautir og fórst það vel úr hendi. Í þessum hópi voru krakkar sem hafa verið í knapamerki 1 í vetur og þau sem hafa verið lengi á námskeiðum en hafa ekki aldur til að vera í knapamerki 1.

Gaman var að sjá hve liðlega þau gerðu þrautirnar en mínusstig voru gefin ef eitthvað mistókst og það fór nú allavega. Ekki kannski alveg farið eftir því sem þau hafa lært í knapamerki 1, t.d. við að fara af og á baki, en alltaf gaman að sjá eitthvað nýtt.



Prinsessurnar 2 voru svoooo sætar og duglegar og hlupu mömmurnar nokkra hringi með þær í höllinni á meðan prinsessurnar gerðu ýmsar jafnvægisæfingar, svo gaman hjá þeim.



Síðan komu "yngri" krakkarnir en það eru þau sem hafa verið 1-3 vetur á reiðnámskeiðum og gaman var að sjá hvað þeim hafði farið fram í vetur. Þau fóru þrautabraut þar sem þarf að sýna mjúkan leiðandi taum og stoppa og fara yfir smá hindrun. Aldeilis flott hjá þeim og gaman á að horfa.



Elstu krakkarnir, úr knapamerki 2 og 3 voru með flotta mynsturreið sem tókst frábærlega vel, rosaflottir krakkar.



Í lokin fóru þeir sem vildu hindrunarstökk, alltaf gaman að sjá hve dugleg þau eru í öllu sem þau taka sér fyrir hendur.



Eftir sýninguna á Blönduósi var svo kaffi og "með því" og var fjölmenni, gott og gaman að geta átt notalega stund saman eftir svona skemmtilega sýningu. Gaman að geta átt frábæran og eftirminnilegan dag og fengið að njóta þess að horfa á frábæra krakka á frábærri sýningu.



Á Sauðárkrók stormaði svo hópurinn 7. maí með þessi atriði og dagurinn var frábær. Mætt var á æfingu stundvíslega kl. 10 um morguninn en það þurfti aðeins að pússa saman atriðin fyrir svolítið stærri reiðhöll en við höfum hér og erum vön. Það var ekki lengi gert, ótrúlega flott og fljót að ná þessu krakkarnir. Sýningin hjá krökkunum okkar tókst frábærlega vel og stóðu þau sig með stakri prýði og megum við öll vera stolt og glöð með að eiga svona flotta krakka. Takk, takk, fyrir frábæra sýningu og frábæran dag 🤗🤗🤗🤗

Þau Hrafnhildur, Sigurgeir og Hákon voru í fánareið og tóku sig vel út í góða veðrinu



Það voru veittar viðurkenningar fyrir stigahæstu knapana úr grunnskólamótunum en í 4.-7. bekk var Sigurður Bjarni Aadnegard, Blönduskóla, stigahæstur ásamt Ásdísi Ósk Varmahlíðarskóla og Haukur Suska, Húnavallaskóla í 8.-10. bekk. Til hamingju með það. Hér eru stigahæstu knapar en á myndina vantar Hauk.



Hér er þessi flotti hópur sem átti frábæran dag saman á Sauðárkróki.



Uppskeruhátíð

5. júní var uppskeruhátíð vetrarins en þá stormaði æskulýðurinn og áhangendur þeirra í [Þingeyrar](#) og héldu sína uppskeruhátíð þar. Það var góður hópur sem mætti þar með hesta sína um kl. 15 og riðu út á sand í rokinu. Það gerði ekkert til þó það væri "smá" gola og var sprettur á krökkunum. Gaman að sjá hve dugleg þau eru og vel ríðandi.

Frábær aðstaða á Þingeyrum, bæði til útreiða, fótbolta innanhúss og grillaðstöðu. Gunnar og Helga, kærar þakkir fyrir að fá að koma og njóta dagsins í frábæru umhverfi.



Eftir reiðtúrinn var grillað og skírteini afhent og öll fengu þau gjöf fyrir hve frábærlega þau eru búin að standa sig í vetur. Flottir krakkar, takk, takk, fyrir veturinn og sjáumst vonandi aftur næsta vetur.



Eins og gengur gátu ekki allir krakkarnir mætt á uppskeruhátíðina en hér er hópurinn sem kom. Á námskeiðum hjá Neista í vetur voru 33 krakkar, 17 af þeim voru í knapamerkjum og luku 14 prófum úr 1, 2 og 3. Knapamerki 3 er tekið á tveim vetrum og eru 3 krakkar sem eru í þeim hópi.

Af þessu má sjá að æskulýðsstarf Neista er í blóma og mikið og frjótt starf er í vetrarstarfinu en það má örugglega þakka áhuga og elju duglegra foreldra að þetta starf

er eins gott og raun ber vitni. Ómetanlegt að eiga svona gott og áhugasamt fólk sem byggir upp fullt af flinkum krökkum sem verða betri og betri á hestbaki með hverju árinu.

Við megum vera stolt af þessum krökkum og hversu mikið og gott starf er unnið á hverjum vetri í æskulýðsstarfi hjá hestamannafélaginu og hvað við höfum verið heppin með frábæra kennara. Takk, takk, fyrir frábært starf.

Það er ekkert eins gaman og vera saman á hestbaki.

Æskulýðsnefnd Neista árið 2010-2011

Áslaug Inga Finnsdóttir

Haukur Suska Garðarsson

Jóhanna Stella Jóhannsdóttir

Selma Svavarsdóttir, formaður